

D ó m s o r ð :

Ákærði Sveinbjörn Þórarinn Timóteusson greiði 2500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda sins, dr. Einars Arnórssonar hrl., kr. 450.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. nóvember 1948.

Nr. 31/1947. **H/f Grímur** (Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn

Ólafi Sigurðssyni (Hrl. Ragnar Ólafsson).

Setudómarar Einar Arnalds borgardómari, Sveinbjörn Jónsson hrl. og Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hæstaréttardómaranna Jóns Ásbjörnssonar, Jónatans Hallvarðssonar og Þórðar Eyjólfssonar.

Héraðsdómari átti að vikja sjálfkrafa sæti í máli. Ómerking.

Dómur hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Borgarnesi, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Máli þessu hefur verið skotið til hæstaréttar með stefnu 25. marz 1947, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m.

Fyrir hæstarétti hefur það nú verið leitt í ljós, að Jón dómari Steingrímsson gekk í s/f Grím hinn 24. marz 1941, og var félagi í samvinnufélagi þessu, þar til því var slitið hinn 8. nóvember 1942, en þá var hverjum félagsmanni, þar á meðal Jóni Steingrímssyni dómara, greitt úr sameignarsjóðum félagsins kr. 5000.00 og afhent 2 hlutabréf í h/f Grími, hvort að fjárhæð kr. 1000.00, en hlutafélag þetta var stofnað um sömu mundir og s/f Grímur var lagt niður og tók við rekstri s/f Gríms. Hefur Jón dómari Steingrímsson staðfest í símskeyti 7. þ. m. viðtöku greindra fjárverðmæta.

Hlutabréf þau, sem honum voru úthlutuð, seldi hann síðar nafngreindum manni. Þar sem ætla mátti, að framangreind ráðstöfun á sameignarsjóðum s/f Grims gæti farið í bága við lög, þar á meðal 9. tl. 3. gr. laga nr. 46/1937, og héraðsdómarinn hlaut fyrrgreind fjárverðmæti við slit þess, þá bar honum samkvæmt 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936 að vikja sjálfkrafa sæti í máli þessu, áður en munnlegur málflutningur í því hófst. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Aðiljar hafa krafizt málskostnaðar hvor úr hendi hins. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Meðferð máls þessa í héraði, frá því munnlegur málflutningur hófst, svo og héraðsdómur skulu vera ómerk, og víasast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur aukaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 28. nóvember 1946.

Mál þetta er höfðað af verkamanni Ólafi Sigurðssyni í Borgarnesi gegn hlutafélaginu Grími í Borgarnesi með stefnu útgefni 7 $\frac{1}{2}$ 1944 og þingfest og dómtekið sama dag.

Dómur var kveðinn upp í málinu 1 $\frac{1}{3}$ 1944, en honum var áfrýjað til hæstaréttar. Með dómi hæstaréttar % 1945 var meðferð málsins í héraði frá þingfestingu og héraðsdómur ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Hinn 2 $\frac{1}{10}$ 1946 var málið tekið fyrir af nýju fyrir undirréttinum og þá ákveðinn munnlegur málflutningur. Fór hann fram 2 $\frac{1}{11}$ 1946 og var málið að honum loknum tekið til dóms.

Stefnandinn hefur krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 5430.00 með 5% ársvöxtum frá 8 $\frac{1}{11}$ 1942 að telja til greiðsludags, svo og til að afhenda sér endurgjaldslaut 2 eitt þúsund króna hlutabréf í Grími h/f með arðmiðum frá stofnun félagsins, eða til vara, að í stað umkrafðra hlutabréfa með arðmiðum, verði honum greitt nafnverð þeirra í peningum, kr. 2000.00, svo og gjaldfallinn arð frá stofnun félagsins. Loks krefst hann málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Stefndi krefst sýknu í málinu fyrst og fremst vegna aðildarskorts, en einnig vegna þess, að s/f Grímur hafi eigi fullnægt ákvæðum gildandi laga um samvinnufélög og hafi því stefnandi ekki átt neina lögvarða kröfu til þess að gerast félagsmaður í s/f Grímur, áður en því félagi var slitið. Til vara krefst hann þess, að hann verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 2000.00 með vöxtum frá stefnudegi $\frac{7}{2}$ 1944. Loks krefst hann málskostnaðar eftir mati réttarins.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að í marzmánuði 1941 hafi hann sótt um inngöngu í félagið „Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi“, er hann telur, að hafi verið samvinnufélag. Var inntökubeiðni hans, að tilhlutun stjórnar félagsins, borin upp á aðalfundi 26. marz og þar felld að taka hann í félagið. Voru um þetta leyti uppi miklar deilur í félaginu um greiðslur til félagsmanna úr sjóði félagsins, og samþykkti framhaldsaðalfundur, er haldinn var 16. apríl s. á., að vikja 3 aðalstjórnarnefndarmönnum og einum vara-stjórnarnefndarmanni úr stjórninni, en áður en þessir stjórnarnefndarmenn skiluðu af sér í hendur félagsfundar, samþykktu þeir á fundi 19. apríl að taka stefnanda inn í félagið, þrátt fyrir ályktun félagsfundarins 26. marz. En stjórn sú, er þá tók við völdum í félaginu, hefur ætíð síðan neitað að viðurkenna hann sem löglegan félagsmann, og hefur hann því eigi fengið að njóta félagsréttinda. Stefnandi telur sig hafa sent áskilin félagsgjöld við inngöngu með inntökubeiðni sinni, en þau voru endurgreidd honum eftir fundinn 26. marz, en er fráfarandi félagsstjórn samþykkti að taka hann í félagið, kveðst hann eigi hafa greitt nein félagsgjöld.

Telur stefnandi, að óheimilt hafi verið að neita sér um inngöngu í samvinnufélagið „Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi“, þar sem hann hafi uppfyllt öll þau skilyrði, sem í 3. gr. félagslaganna eru sett fyrir inngöngu í félagið. Og af því telur hann hljóta að leiða að greiða eigi honum þær bætur, er geri hann jafn vel settan fjárhagslega og þá menn, er á fundinum 26. marz voru, samhliða því, að honum var synjað um inngöngu í félagið, teknir í það, en þá telur hann hafa fengið, er samvinnufélaginu „Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi“ var slitið og breytt í hlutafélag, greiddar í peningum kr. 5430.00 og auk þess 2 þúsund króna hlutabréf í Grímur h/f. Loks telur hann, að Grímur h/f eigi að greiða honum skaðabætur þessar, þar sem í stofnsamningi félags þessa segir, að það taki við eignum og skuldum „Samvinnuútgerðarinnar Grímur í Borgarnesi“.

Stefndi krefst fyrst og fremst sýknu vegna aðildarskorts. Telur hann ekkert það réttarsamband hafi stofnast milli stefnanda og hlutafélagsins Grímur, þannig að stefnandi geti gert nokkra fjárkröfu gildandi gegn félaginu.

Þá byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi aldrei orðið löglegur félagsmaður í félaginu „Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi“, því samþykkt fráfarandi félagsstjórnar um að taka hann í félagið 19. apríl 1941 hafi verið markleysa ein, því að sú

stjórn hafi verið svipt öllu umboði til að stjórna málefnum félagsins á fundi 16. s. m., enda hafi lögmætur félagsfundur áður verið búinn að synja honum um inngöngu í félagið.

Þá telur hann, að „Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi“ hafi eigi verið samvinnufélag og bendir í því sambandi á dóm hæstaréttar, genginn 2% 1942, í málinu: Réttvísinn og valdstjórnin gegn Friðrik Þórðarsyni og fleirum.

Loks telur hann, að stefnandi hafi eigi getað byggt neinar kröfur um að vera tekinn inn í félagið „Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi“ á ákvæðum 3. gr. félagslaganna.

Varakröfu sína um að stefnda verði aðeins tildæmdar 2000 kr., byggir stefndur á því, að 5000 kr. greiðslu við slit félagsins „Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi“ beri eigi að skoða sem arðgreiðslu, heldur sem þóknun til félagsmanna fyrir þá ábyrgð og áhættu, er þeir tóku á sig vegna starfrækslu félagsins þau ár, er erfiðlega gekk með fjárhag þess.

Rétturinn getur eigi tekið til greina kröfu stefnda um sýknu vegna aðildarskorts. Ef stefnanda hefur ólöglega verið synjað um inngöngu í „Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi“, getur það félag verið skylt að bæta honum þann skaða, er hann leið við synjunina. En samkvæmt samþykktum Grímur h/f tók það félag við eignum og skuldum „Samvinnuútgerðarinnar Grímur í Borgarnesi“.

Rétturinn verður að lita svo á, að í máli þessu komi fyrst og fremst til álita, hvort „Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi“ hafi verið samvinnufélag eða eigi, og ef svo verður litið á, að félagið hafi verið samvinnufélag, þá hvort af því leiði, að þeir, sem um inngöngu sóttu í félagið, og tvímælalaust uppfylltu inntökuskilyrði þau, er sett voru í félagslögnum, hafi átt ótvíræðan rétt á að gerast félagsmenn.

Er athuguð eru lög félagsins, kemur glögglega í ljós, að tilgangur stofnenda þess hefur verið að stofna samvinnufélag. Auk þess sem heiti félagsins ber það með sér, eru ákvæði 3. gr. um inngöngu í félagið, 10. gr. um félagsgjöld, 12. og 13. gr. um skiptingu á hagnaði og 14. gr. um sjóðeignir, með þeim hætti, að eigi dylzt, að ætlunin er að stofna samvinnufélag. Þá eru í 19.—21. gr. ákvæði, þar sem beint er sagt að um ábyrgð félagsmanna, er gangi úr félaginu, um félagsslit og ráðstöfun sjóðeigna, fari eftir samvinnulögum. Engin ákvæði eru í félagslögnum, er eigi virðast samrýmanleg samvinnufélagalögnum. Þá hefur félagið verið skráð athugasemdalaust í samvinnufélagaskrá Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Í hæstaréttardómi, gengnum 2% 1942 í opinberu máli gegn stjórn félagsins, er kveðið svo að orði „að félaðið virðist hafa verið rekið allmörg undanfarin ár, þar á meðal allt árið 1940, utan verksviðs þess, sem samvinnufélögum er sett í 2. gr. laga um samvinnufélög nr. 46 frá 1937, án þess þó að félaginu hafi verið komið í annað lögmætt horf, sbr. 39. gr. nefndra laga.“ Og hefur hæstiréttur með

tilvisun til þessa eigi talið refsiverða arðgreiðslu úr sjóði félagsins, er alls eigi er samrýmanlegt ákvæðum samvinnufélagalaga. En af þessu verður á engan hátt ráðið, að hæstiréttur slái því föstu, að félagið sé eigi samvinnufélag, enda segir hann, að stjórn félagsins hafi borið, er henni var ljóst, að félagið var rekið utan verksviðs þess, sem samvinnufélögum er sett, að gera gangskör að félagsslitum.

Verður samkvæmt framansögðu að lita svo á, að félagið „Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi“ hafi verið samvinnufélag, er stefnandi sótti um inntöku í það í marzmánuði 1941.

Í 3. gr. samvinnufélagalaganna nr. 46 frá 1937 er gerð grein fyrir því, hver eru aðaleinkenni á skipulagi samvinnufélaga, og er þar í fyrsta tölulið tilgreint, að aðgangur sé frjáls fyrir alla, er fullnægja ákveðnum skilyrðum. Mun þetta og almennt viðurkennt, enda í alla staði eðlilegt, að félög þessi séu opin til inngöngu fyrir alla, er á félagssvæðinu búa og eigi stunda sams konar atvinnurekstur og félagið rekur, þar sem þeim í samvinnufélagalögnum og í öðrum lögnum, eru veittar mikils verðar ívilnanir um skattgreiðslur til ríkis og sveitarfélaga fram yfir önnur félög. Þá sýnir ákvæði 9. tölul. 3. gr. samvinnulaganna um ráðstöfun sjóðeigna samvinnufélaga við félagsslit, að löggjafinn hefur eigi skoðað félagseignina sem einkaeign þeirra, er á þeim tíma eru félagsmenn, því samkvæmt því ákvæði eiga sjóðseignir þessar að hverfa undir umsjón hlutaðeigandi héraðsstjórnar og af henni að afhendast nýju samvinnufélagi, er kann að vera myndað á sama félagssvæði, og geta að sjálfsgöðu staðið að myndun þess félags menn, er eigi voru í hinu eldra félagi.

Í 3. gr. félagslaga fyrir „Samvinnuútgerðina Grímur í Borgarnesi“ eru tilgreind skilyrði fyrir inngöngu í það félag.

Verður eigi annað séð, en að stefnandinn hafi uppfyllt eða verið reiðubúinn til að uppfylla öll þau skilyrði. Hins vegar hefur stjórn félagsins haft þá óvenjulegu aðferð við afgreiðslu umsókna þeirra, er henni bærust í marzmánuði 1941, að taka eigi afstöðu til þeirra, heldur að leggja þær fyrir félagsfund til samþykktar eða synjunar, og varð það til þess, að sumir af umsækjendum fengu inngöngu í félagið, en öðrum, og þar á meðal stefnanda, var vísað frá, án þess að færð væru fram nokkur rök fyrir því, að þeir eigi uppfylltu inntökuskilyrðin.

Verður rétturinn samkvæmt framansögðu að lita svo á, að stefnandi máls þessa hafi átt rétt á að fá inngöngu í samvinnufélagið „Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi“, er hann sótti um inngöngu í það í marzmánuði 1941. Þann skaða, er hann varð fyrir við það, að félagsfundur neitaði að taka hann inn í félagið, verður félagið að bæta honum, og þar sem Grímur h/f tók við stofnun þess félags við öllum eignum og skuldum Samvinnuútgerðarinnar Grims í Borgarnesi, yfirfærast sú bótaskylda á það félag.

Stefndi hefur eigi véfengt, að bótakrafa stefnanda sé rétt talin.

Samkvæmt framansögðu verður að taka dómkröfur stefnanda til

greina. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 5430.00 ásamt vöxtum samkvæmt aðalkröfu. Enn fremur til þess, samkvæmt varakröfu, að greiða kr. 2000.00, nafnverð tveggja hlutabréfa í h/f Grímur ásamt gjaldföllum arði frá stofnun félagsins, og er viðurkennt af báðum aðiljum, að sá gjaldfallni arður nemi kr. 300.00. Loks ber að dæma hann til að greiða stefnanda 300 kr. í málskostnað.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi í þessu máli, Grímur h/f í Borgarnesi, greiði stefnandanum, Ólafi Sigurðssyni verkamanni í Borgarnesi, 5430 — fimm þúsund fjögur hundruð og þrjátíu — krónur með 5% ársvöxtum frá $\frac{1}{11}$ 1942 að telja, þar til greitt er. Enn fremur greiði stefndi stefnandanum 2300 — tvö þúsund og þrjú hundruð krónur. — Loks greiði stefndi stefnandanum 300 — þrjú hundruð — krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 14 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. nóvember 1948.

Nr. 19/1947. **Réttvísir** (Hrl. Lárus Jóhannesson)
gegn

Jóni Gizurarsyni (Hrl. Ragnar Ólafsson)

Jóhannesi Ólafssyni

(Hrl. Guttormur Erlendsson)

og

Snorra Laxdal Karlssyni

(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Lögreglumenn og fangavörður sekir við 131. gr. hegningarlaga. Sératkvæði.

Dómur hæstaréttar.

Í vottorði Péturs H. J. Jakobssonar lækni, dags. 22. september 1944, sem skráð er í héraðsdómi, er lýst áverkum þeim, sem voru á A. B-syni, þegar læknirinn skoðaði hann 2. maí sama ár. Með skýrslum þeirra A. B-sonar, Maríu Ásgeirsdóttur, systur hans, og Bergs Sigurbjörnssonar, þáverandi herbergisfélaga hans, sem þau hafa